

## Saga skáldkvennanna - epísk ópera

Leikskáldið Jón Gunnar Þórðarson furðaði sig á því hversu lítið hann þekkti til skáldskapar Ólafar frá Hlöðum þegar hann skipulagði Akureyrarvöku í fyrra. Það varð til þess að hann kynnti sér sögu hennar og tveggja skáldkvenna til viðbótar, þeirra Skáld-Rósu og Guðnýjar frá Klömbrum. Afraksturinn er leikritið Þöggun, saga þriggja kvenna með penna sem Leikfélag Hörgdæla frumflutti nýverið. Skriftir binda konurnar saman en þær sinntu skáldskapargyðjunni þrátt fyrir að slík iðja hafi verið fyrirlitin af samfélaginu, einkum af körlum.



*Ákall - Fanney Valsdóttir í hlutverki Ólafar frá Hlöðum. Hún reynir að fá svar við spurningum um skáldsystur sínar en fær hún svar?* Ljósmynd/Harpa Ævarsdóttir

Þórunn Kristjánsdóttir [thorunn@mbl.is](mailto:thorunn@mbl.is)

Ég ákvað að skrifa þetta leikrit í september í fyrra. Hugmyndin kviknaði þegar ég skipulagði Akureyrarvöku og vildi hafa sýnilega mynd af skáldi. Fyrstu uppástungur vörðuð karlkyngsskald. Þá var spurt, af hverju ekki kona? Þá varð fyrir valinu Ólöf frá Hlöðum. Ég furðaði mig á því að ég þekkti fá kvæði eftir þessa konu og skoðaði skáldskapinn hennar betur. Þá var mér bent á Guðnýju Jónsdóttur frá Klömbrum og Skáld-Rósu. Um leið og maður les í sögur þessara kvenna skín í gegn harmsaga og þöggunin í samfélaginu í kringum þær. Þetta eru konur með penna sem skrifuðu þrátt fyrir að lítið hafi verið niður á þessa iðju. Mér fannst þetta svo merkileg saga að ég bara byrjaði, segir Jón Gunnar Þórðarson leikskáld um tilurð leikritsins Þöggun, saga þriggja kvenna með penna sem Leikfélag Hörgdæla frumflutti föstudaginn 27. mars síðastliðinn.

Ein persónan, Guðný frá Klömbrum, tengist Jóni Gunnari á skemmtilegan hátt en hún var amma langömmu hans. Það má því segja að þetta sé ákveðin leit að rótum.

Þessar þrjár skáldkonur voru ekki allar uppi á sama tíma. Guðný frá Klömbrum fæddist 1804 og dó árið 1836, Rósa Guðmundsdóttir, oftast þekkt undir nafninu Skáld-Rósa eða Vatnsenda-Rósa, fæddist 1795 og dó árið 1855. Hins vegar fæddist Ólöf frá Hlöðum árið 1857, eftir lát þeirra tveggja, en Ólöf lést árið 1933.

Til þess að tvíanna sögu þeirra saman þá brá leikskáldið á það ráð að láta Ólöfu frá Hlöðum segja sögu kvennanna og er hún jafnframt sögumaður leikritsins. Frásögn Ólafar hefst árið 1915 en sögutími leikritsins eru árin 1815-1830 þegar helstu atburðir í lífi þessara tveggja kvenna eru rifjaðir upp.

Leikritið byggist á bréfaskriftum Ólafar frá Hlöðum og Haraldar Níelssonar. Í bréfunum spyr Haraldur um ömmu sína Guðnýju, leikritið er því svarbréf Ólafar við þessum spurningum. Inn í þetta tvínnast frásagnir af lífi og skáldskap kvennanna. Það er því óhætt að segja að leikritið sé í anda Ólafar en hún var sjálf skrifmiðill og spíritisti. Skáldkonurnar skrifa því í gegnum Ólöfu.

Það sem kom Jóni Gunnari töluvert á óvart var að í bréfum Ólafar kom fram að allir Íslendingar þekktu ljóð Guðnýjar frá Klömbrum og einnig sögu hennar. *Mér er því spurn, hvað gerðist á þessu 100 ára tímabili, 1915 til 2015. Af hverju þekkjum við ekki ljóðin hennar og af hverju vissi ég ekki hver hún var.* Spyr Jón Gunnar og velti því enn fremur fyrir sér hvers vegna saga hennar hafi ekki verið sýnilegri í íslenskri bókmenntasögu. *En þetta hlýtur að eiga við um margar aðrar konur því miður, en þær skrifuðu samt.*



**Skáld** - Margrét Sverrisdóttir í hlutverki *Skáld-Rósu* og Sesselía Ólafsdóttir í hlutverki *Guðnýjar frá Klömbrum*. Ljósmynd/Harpa Ævarsdóttir

Þegar hann rýndi í sögu kvennanna í Eyjafirði, en þar ólust þær upp, kom margt forvitnilegt í ljós. Í þessu samhengi bendir hann á að í Hörgárdalnum árið 1816 voru krakkarnir í dalnum samankomir að hlýða á Paradísarmissi eftir John Milton í þýðingu Jóns Þorlákssonar frá Bægisá. Krakkarnir voru meðal annars þau Skáld-Rósa, Guðný frá Klömbrum og Jónas Hallgrímsson. *Maður getur ímyndað sér hvað þetta hefur verið rosalega menningarlegt.*

Skáldkonurnar hlýddu á magnþrunginn kvæðbálk ásamt Jónasi sem síðar átti eftir að verða þjóðskáld Íslendinga. Möðruvellir eru söguvið verksins og þar er leikritið flutt í gömlu fallegu húsi, Leikhúsinu á Möðruvöllum. Upphaflega var ekki ætlunin að flytja það þar, samlesturinn fór þar fram en fljótlega eftir það varð það ákjósanlegasti staðurinn. Með hlutverk kvennanna þriggja fara tvær menntaðar leikkonur og ein mjög reynd áhugaleikkona. Þær hafa allar þrjár tengingu við persónurnar sem þær túlka. Margrét Sverrisdóttir er leikkona að mennt og er nú prestfrúin á Möðruvöllum og fer með hlutverk Skáld-Rósu. Sesselía Ólafsdóttir lærði leiklist í London en hún ólst upp á Auðbrekku, sama bæ og Guðný Jónsdóttir. Fanney Valsdóttir er frá Fornhaga, bænum sem Skáld-Rósa bjó á.

Leikfélag Hörgdæla er að stíga ákveðið skref með því að setja upp leikrit um þrjár konur en oftast eru sett upp leikrit þar sem fleiri hlutverk koma við sögu.

## Harmsaga kvennanna

*Saga þeirra allra er rosaleg harmsaga. Hún gæti verið epísk ópera, segir Jón Gunnar. Skáld-Rósa tengist Agnesi Magnúsdóttur sem hlaut síðasta dauðadóm sem féll á Íslandi og var tekin af lífi. Eiginmaður Guðnýjar bannaði henni að skrifa og þaggaði niður í henni. Hann tók börnin af henni og hún deyr í útleið fjarri öllum. Skáldgáfa hennar varð til þess að hún var útskúfuð úr samfélaginu. Hún varð þó fyrst íslenskra kvenna til að fá ljóð birt eftir sig í tímariti en það gerðist samt ekki fyrr en eftir dauða hennar.* Þessari sögu miðlar Ólöf til Haraldar því hann er karlmaður og hann hefur rödd. Á sama tíma var ekki hlustað á konur.

Saga þessara kvenna og baráttufólks almennt er Jóni Gunnari hugleikin. *Ég trúi á áhrifamátt leikhússins og leiklistar og það er mikilvægt að við segjum sögur sem skipta máli og að þessu sinni finnst mér saga þessara þriggja kvenna mjög brýnt málefni. Ég vil miðla sögum sem þarf að segja, segir Jón Gunnar að lokum.*

### SKÁLDKONURNAR

## Ljóðskáld og ljósmæður

Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum (1857-1933) skáld og ljósmóðir. Hún giftist Halldóri Guðmundssyni og fluttu þau norður að Hlöðum í



Ólöf frá Hlöðum

Hörgárdal og við þann bæ er Ólöf jafnan kennd. Þar bjó hún yfir þrjátíu ár. Eftir það flutti hún til Akureyrar og síðustu árin bjó hún í Reykjavík.

Ólöf var mikil skáldkona. Tvö ljóðasöfn hennar heita Nokkur smákvæði.

Rósa Guðmundsdóttir, Vatnsenda-Rósa eða Skáld-Rósa (1795 – 1855) skáldkona og



Skáld - Rósa

ljósmóðir. Ymsar lausavísur hennar urðu fljótt þjóðkunnar og eru enn þekktar eins og „Augun mín og augun þín“. Guðný Jónsdóttir frá Klömbrum (1804-1836) skáldkona. Ekki er mikið af kveðskap varðveitt eftir hana í eiginhandarriti. Hún samdi tækifæriskveðskap og einnig um eigin tilfinningar. Fyrsta veraldlega kvæðið sem er prentað eftir íslenska konu er Ljóðið hennar Guðrúnar, Endurminningin er svo glögg, en það birtist fyrst í Fjölni árið 1837.

*Leikritið verður sýnt um páskana. Miðapantanir í s. 666-0170 og 666-0180 alla daga á milli 16:00 og 18:00.*